

Þórarinn Stefánsson lagði stund á píanónám, fyrst í heimabæ sínum Akureyri en síðan í Reykjavík og Hannover þar sem kennari hans var Prof. Erika Haase. Í kjölfarið fylgdi tónleikahald víða um Evrópu sem einleikari og meðleikari með söngvurum og hljóðfæraleikum.

Þórarinn hefur auk þess gert upptökur fyrir sjónvarp og útvarp meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hann hefur tvívegis hlotið starfslaun lissamanna, árin 2007 og 2014.

Árið 2014 kom út geisladiskurinn *Ísland* þar sem Þórarinn leikur útsetningar á íslenskum þjóðlögum.

Hann hefur einnig gefið út nótnabækur með eigin útsetningum á jólalögum og fjórar bækur með útsetningum íslenskra tónskálda á íslenskum þjóðlögum.